

Ársskýsla 2012-2013

Veturinn 2012-2013 einkenndist af fjölbreytni. Alþjóðafulltrúi sinnti mörgum erindum samkennara. Þetta bar einna helst tiltíðinda.

Andrea Ionescu í heimsókn

Fimmtudaginn 8. nóvember eimsótti Andrea Ionescu Fjölbreyttaskóla Suðurlands. Andrea kemur frá Rúmeníu nánar tiltekið höfuðborginni Bucharest. Hún er við kennaranám í Danmörku, háskólann í Árósum. Hún er í viku á Íslandi og heimsækir hún framhaldsskóla og kynnir heimaland sitt og Asíu. Andrea kom í sögu til Lárusar Braga og sagði frá lífinu í Rúmeníu er hún var að alast upp. Síðan fór hún til Helga Hermannssonar og fjallaði um „félagslegt misrétti á Indlandi, Banglades og í Kína“. Margt dreif á dagana í kennsluferð hennar um Austurlönd þar sem hún lenti jafnvel í því að þurfa að kenna börnum á Indlandi sem höfðu fyrir um daginn unnið 6-7 tíma erfiðisvinnu í múrsteinsverksmiðum. Ekki eftirsóknarvert verkefni fyrir kennara og börnin lítt móttækileg fyrir námi. Í Banglades var helsta vandamálið að komast milli húsa þar sem hnattræn hlýnun er að drekkja landinu. Hægt og bítandi er sjórinn að vinna sigur á landinu og talið er að ef ekki tekst að snúa þróuninni við þá muni Banglades verða fyrsta landið sem hverfur af landakortinu. Ekki var Kína fullkomið heldur en skrifræðið var þó erfiðast, ekki mátti færa sig spönn frá rassi án þess að skrá það á lögreglustöð. Á myndinni má sjá Lárus lesa upp úr Morgunblaðinu, sá upplestur gladdi Ionescu mjög.



„Who’s afraid of the big, bad wolf?“ - F.Su. í Slóvakíu

Í lok september fóru fimm fulltrúar frá F.Su. á fund til Slóvakíu. Tilefnið var Comeniusarverkefnið „Who’s afraid of the big, bad wolf?“

Verkefnið felst m.a. í að rannsaka viðhorf mannsins til rándýra, bæði sögulega og menningarlega, rýna í goðsögur, skáldsögur, sérstaklega úlfa, refa og bjarndýra, bera þessa þætti saman á milli mismunandi menningarheima og samfélaga innan Evrópu og leita uppi sameiginlega og ólíka þætti. Frá F.Su. fóru nemendurnir Bergsteinn Kárason, Bryndís Blöndal og Sölvi Sveinsson og starfsmennirnir Haraldur Eiríksson fjármálastjóri og Þór Stefánsson kennari. Á fundinum voru fulltrúar frá Slóvakíu, Póllandi, Portúgal, Spáni, Ítalíu, Litháen, Rúmeníu, Eistlandi og Noregi. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu.

Flogið var til Varsjár. Þar var lent seint á laugardagskvöldi og gist þar. Á sunnudeginum var farið með lest til Kraká. Þar eyddi hópurinn fáeinum klukkustundum en hitti síðan nemendur og kennara frá hinum löndunum.

Frá Kraká fór hópurinn með rútu til þorpisins Giraltovece í Slóvakíu. Í Giraltovece gistu nemendur heima hjá gestgjöfunum. Á mánudeginum var dvalið í Giraltovece, hlustað á kynningar og fyrirlestra. Nemendur kynntu verkefni F.Su. í ráðhúsi bæjarins. Um kvöldið héldu heimamenn glæsilega kvöldvöku þar sem þeir fluttu tónlist og sýndu dansa.

Á þriðjudeginum var ferðinni heitið í „Slovak Paradise“ þjóðgarðinn þar sem hópurinn fór í 10 kílómetra langa göngu á erfiðri gönguleið með háum stigum, sleipum tröppum og öllu mögulegu.

Þeir lofthæddu gátu valið „auðvelda“ leið. Þrátt fyrir að gangan hafi verið erfið og ógnvænleg skemmtu allir sér mjög vel. Eftir gönguna var haldið á hótél í Kezarske Zlaby þar sem gist var næstu tvær næturnar.

Á miðvikudeginum var farið í „High Tatras“ þjóðgarðinn. Þar var farið í aðra göngu. Hún var nú mun léttari en sú fyrsta og var leitað að bjarnarfótsporur. Leitin heppnaðist mjög vel og fannst aragrúi af sporum eftir skógarbirni, ásamt sporum eftir dádýr og hirti. Eftir gönguna var farið í sundlaugargarðinn Aquacity í bænum Poprad.

Á fimmtudeginum var haldið áfram að skoða þjóðgarða landsins og var farið í „Pieniny þjóðgarðurinn“. Þar fór hópurinn í „rafting“ á hefðbundnum slóvakískum flekum á ánni Dunajec, en hún skilur að Pólland og Slóvakíu. Haustlitirnir skörтуðu sínu fegursta og var útsýnið mjög fallegt á siglingunni. Það var virkilega skemmtileg upplifun sem gleymist seint, enda virkilega fallegt þar.

Eftir skemmtilega dvöl í Slóvakíu var haldið til Póllands.

Á föstudeginum var farið til Kraká og borgin skoðuð ásamt norskum vinum, þeim Per, Silje og Emilie. Var m.a. farið í safn Schindlers.

Á laugardagsmorgninum fóru Bergsteinn og Sölvi til Auschwitz og Birkenau. Það tók virkilega á taugarnar að sjá m.a. gasklefana, hárið af fólkinu og fleira. Um miðjan dag á laugardegi var farið með lest til Varsjár og flogið heim til Íslands.

Ferðin var stórskemmtileg í alla staði. Nemendur lærðu heilmikið, kynntust mörgu skemmtilegu fólki hvaðanæva úr Evrópu, sáu eitthvað nýtt á hverjum degi, fóru í fjallgöngur, í sundlaugagarða og svo mætti lengi telja. Þau mæla með ferð af þessu tagi fyrir hvern þann sem langar að ferðast til annarra landa, kynnast nýju fólki og læra eitthvað nýtt og spennandi. Þetta var reynsla sem þau gleyma aldrei!

Merikarvia-heimsókn

Föstudaginn 19. apríl heimsóttu nemendur og kennarar tveggja framhaldsskóla í Merikarvia í Finnlandi. Lárus Bragason og Örn Óskarsson tóku á móti gestunum. Skipulag FSu var kynnt gestunum. Eftir kynninguna var farin stutt ferð um skólann en þá bættist í hópinn hinn sænskumælandi nemandi Jakob Þór Eiríksson. Heimsóknin tókst vel og hrifust gestirnir af snyrtimennsku og búnaði skólans. Þeir höfðu einnig mikinn áhuga á því að skoða notkun FSu á Moodle. Finnarnir nota einnig Moodle.

3. maí 2012

Lárus Bragason